

Fundur stjórnar Íshökkísambands Íslands
Fimmtudaginn 15. ágúst 2024 klukkan 17:00

Fundarstaður: Engjavegur 6 auk Teams fjarfundar.

Mættir voru: Helgi Páll Þórisson formaður, (HP), Hilmar Leifsson (HL), Guðlaug Ingibjörg Þorsteinsdóttir (GÍÞ), Ingólfur Elíasson (IE), Bergur Jónsson (BJ), Viðar Garðarsson (VG) framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Fjarverandi: Arnar Sveinsson (AS), Olgeir Olgeirsson (OO), Sigrún Agata (SA),

Fundargerð síðasta fundar var birt á Slack svæði stjórnar þar sem stjórnarfolk gat lesið hana yfir og gert athugasemdir. Engar athugasemdir bárust á Slack og ekki heldur við upphaf fundar og var fundargerðin borin undir atkvæði og hún samþykkt samhljóða.

Mótaskrá komandi tímabils 2024 til 2025 var lögð fram til staðfestingar stjórnar. Hún var staðfest. Þar sem Skautafélag Hafnarfjarðar, hefur ekki enn fengið inngöngu í ÍBH var lagt til að færa leiki þeirra inn í október til þess að forðast erfiðleika við að færa leiki með stuttum fyrirvara.

Rædd var sérstaklega reglugerð númer 9 sem fjallar um félagaskipti og hvernig bæri að túlka hana. Stjórnin var sammála um að þessi reglugerð þyrfti yfirhalningu og var ákveðið að reyna að vinna málið áfram í gegnum SLACK þar sem allir hafa tækifæri til þess að sýna hug sinn og bera það svo upp til staðfestingar. Framkvæmdastjóra var falið að setja umrædda reglugerð upp á Slack og gera tillögu þar að breytingum.

Fjármál hreyfingarinnar voru rædd og framkvæmdastjóri lagði fram drög af kostnaðaráætlun Ljóst er að rekstrarárið 2024 verðu einnig erfitt bæði vegna þess að varasjóðir sambandsins tæmdust á árinu 2023 og fyrir liggur að bæði karlalið og U18 karla fara í langar og kostnaðarsamar keppnisferðir á árinu 2025. Frkvstj. lagði fram áætlun fyrir árið 2025 sem sýndi tekjuflæðið og helstu útgjöld. Beðið er upplýsinga um ferðakostnað landsliða til þess að ná þessari áætlun saman og mun hún verða lögð fram að nýju endurskoðuð þegar þær upplýsingar liggja fyrir. Ljóst er að fjárhagur sambandsins er þröngur og takmarka þarf kostnaðar þátttöku og styrki til einstaklinga vegna landsliðsstarfs.

Ræddir voru möguleikar sem í boði eru varðandi þjálfara fyrir karlalandsliðin. Ljóst er að nokkuð skiptar skoðanir eru enda erfitt við að eiga að nota innlenda þjálfara í lítilli hreyfingu þar sem návígi er mikið. Framkvæmdastjóra var falið að ræða bæði við Ingvar Jónsson og Emil Alengard og kanna hug þeirra fyrir næsta fund.

Íshökkíþing verður haldið á vordögum 2025 og voru fundarmenn helst á því að dagsetningarnar 28 maí sem er miðvikudagur fyrir uppstigningardag. Eða föstudagurinn 30 maí og þá byrja um hádegi væru líklegar. Verður ákveðið fljótlega þannig að hreyfingin taki frá daginn.

Haustfundur Alþjóða Íshökkísambandsins verður haldin á Rhodos Grikklandi, 25. Til 28. september. Ákeðið var að Varaformaður í forföllum formanns og framkvæmdastjóri sæktu fundinn.

Undir liðnum önnur mál voru eftirfarandi atriði rædd.

Kanna möguleika á því að nota eingöngu rafrænar skýrslur.

Gefa út hver lágmarksfjöldi starfsmanna er á hverjum leik, miðað við mismunandi aldursflokka.

Gefa út dómarakostnað tímabilsins.

Staða streymismála fyrir tímabilið.

Skylda þjálfara og aðstoðarþjálfara að sækja námskeið IIHF annars fást þeir ekki skráðir.

Fleira ekki rætt og fundi slitið.